Reykjavík

Frístundaheimilið Víðisel

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Reykjavík

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 6
Helstu dagsetningar 6
- Ágúst 6
- September 6
- Október 7
- Nóvember 7
- Desember 7
- Janúar 7
- Febrúar 7
- Mars 8
- Apríl 8
- Maí 8
- Júní 8
- Júlí 9

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Reykjavík

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Víðisels auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt ryndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

Börn á frístundaheimilinu

- Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.
- Í frístundastarfinu er lögð áhersla á styrk barna og áhuga.
- Skilaboð til barnanna og mikilvægar upplýsingar eru myndrænar og sýnilegar í þeirra hæð.
- Börnin eru hvött til að tjá skoðanir sínar á markvissan og uppbyggilegan hátt.

Starfshættir og viðfangsefni

- Boðið er upp á frjálsan leik og skipulagt hópastarf í almennu starfi.
- Starfsumhverfið er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- Dagskipulag er endurmetið reglulega út frá þörfum barnanna. Verkaskipting og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi er skýr og öllum ljós.

Bjargir og skipulag

- Markvisst samstarf er við foreldra, aðra samstarfsaðila og gott upplýsingaflæði um starfsemina.
- Tekið er á móti börnum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundheimilinu hverju sinni.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Tillögur að umbótum :

Starfshættir og viðfangsefni

- Umhverfið mjög krefjandi umferðagötur allt í kring. Hafa fræðslu fyrir börnin þegar skólaárið hefst um skólalóðina – hvar endar skólalóðinn – hvar er leiksvæði fyrir Víðisel.

Mannauður og faglegt starf

- Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.

Bjargir og skipulag

- Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska.
- Heimasíða – gefa upp réttar upplýsingar hverju sinni dæmi: nýr starfsmaður byrjar eða starfmaður hættir.
- Að forstöðmaður eða aðstoðarmaður fá að sitja móttökuviðtöl þegar við á.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Nýta náttúru og nærumhverfi	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Starfshættir og viðfangsefni: Börn eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.
Tækifæri til umbóta	- Auka fjölbreytni og sköpun í viðfangsefnum barnanna. - Efla framboð á smiðjum og klúbbum þar sem börnin fá tækifæri til að kanna, rannsaka og skapa út frá eigin áhuga. - Nýta náttúru og nærumhverfi markvisst sem efnivið og innblástur í starfinu.
Aðgerðir til umbóta	- Vettvangsferðir í náttúruna umhverfis frístundaheimilið til þess að sækja fjölbreyttan endurnýtanlegan efnivið, greinar, steina, laufblöð, sand og önnur náttúruefni, sem hvetur börnin til sjálfstæðrar sköpunar og lausnaleitar. - Náttúruskoðun, útiverkefni og skapandi verkefni úr náttúrulegum efnivið. - Smiðjur og klúbbar þar sem börnin fá að prófa nýjar aðferðir, vinna með mismunandi efnivið og þróa hugmyndir sínar.
Ábyrgð	Förstöðurmaður og aðstoðarmaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	október 2026 – maí 2027



Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmat fer fram í febrúar og maí. Starfsfólk rýnir í framkvæmd smiðja og klúbba á starfsmannafundum og metur hvort viðfangsefni séu nægilega fjölbreytt og hvort náttúra og nærumhverfi séu nýtt með markvissum hætti.
Viðmið um árangur	- Smiðjur og klúbbar: Náttúra, nærumhverfi eða opinn efniviður komi við sögu í að minnsta kosti einu verkefni í hverjum mánuði. - Raddir barnanna: Börnin fái reglulega tækifæri til að leggja til hugmyndir að verkefnum og hafa áhrif á framkvæmd þeirra. - Fylgjast með áhuga og þátttöku barnanna og laga verkefni að þörfum þeirra og áhugasviði. Leggja stutta könnun fyrir börnin þegar klúbbnum er lokið. - Mat starfsfólks: Á miðju starfsári og í lok þess sé farið yfir skráningar um smiðjur, hvaða verkefni gengu vel, hvað vakti áhuga barnanna og hvað megi þróa áfram.

Heiti aðgerðar: Starfsþróun starfsfólks	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Mannauður og faglegt starf: Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
Tækifæri til umbóta	- Skapa markvissari aðstæður til reglulegrar símenntunar og starfsþróunar starfsfólks. - Efla starfsþróunarsamtöl og nýta þau til að greina styrkleika, áhuga og fræðsluþarfir starfsfólks.
Aðgerðir til umbóta	- Taka á móti nýliðum á skipulagðan hátt þar sem þau fylgja starfsmanni fyrstu tvo dagana og horfa á nýliðafræðslu á Torginu. - Skipuleggja reglulega fræðslu og faglega umræðu á starfsmannafundum og hvetja starfsfólk til að sækja viðeigandi námskeið og fræðslu. - Taka stutt formleg samtöl við nýliða á fyrstu vikunum um líðan og hvernig gengur að læra á starfið. - Grunnfræðsla fyrir nýliða haldin með öðrum frístundaheimilum. - Starfsþróunarsamtöl haldin einu sinni á ári þar sem rætt er um líðan í starfi, styrkleika, áhugasvið og tækifæri til starfsþróunar.
Ábyrgð	Forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í upphafi starfsárs og stendur yfir allt starfsárið. Kynning fyrir nýtt starfsfólk fer fram við upphaf starfs og eftir þörfum. Símenntun, starfsþróunarsamtöl og þróunarverkefni eru skipulögð yfir skólaárið.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmat fer fram á miðju starfsári og í lok þess. Á starfsmannafundum verður farið yfir framkvæmd aðgerðanna og metið hvort markmiðum hafi verið náð. Gera könnun meðal

	nýliða um hvernig þeim hafi þótt formlegu samtölin og grunnfræðslan nýtast þeim.
Viðmið um árangur	- Að starfsfólk nýti fræðsluna í starfinu. - Að allt starfsfólk horfi á eða sæki a.m.k. fjórar fræðslur á ári.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Víðisel nýtir hugmyndafræði Frístundalæsis með markvissum hætti í daglegu starfi. Lögð er áhersla á að efla mál og læsi barna í gegnum leik, reynslunám og fjölbreytt verkefni sem taka mið af áhuga þeirra og styrkleikum. Unnið er með ólíkar tegundir læsis, svo sem félagslæsi, lista- og menningarlæsi, miðlalæsi, samfélagslæsi, vísinda- og náttúrulæsi og heilsulæsi. Með þessu fá börnin tækifæri til að læra í gegnum reynslu, tjá sig, eiga í samskiptum, vinna saman og þróa eigin hugmyndir.

Jafnframt er unnið markvisst að því að efla barnalýðræði með því að tryggja að börnin fái rödd og raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif á starfsemina. Skoðanir þeirra, áhugi og hugmyndir eru hafðar að leiðarljósi við skipulagningu verkefna og viðfangsefna. Með samræðum, sameiginlegri ákvarðanatöku og virkri þátttöku er stuðlað að sjálfseflingu, ábyrgð, lýðræðislegum vinnubrögðum og virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum.

Helstu dagsetningar

Ágúst

- Uppfæra foreldrahandbók Víðisels og senda foreldrum barna í 1. bekk
- Merkja allt (rými, hurðir, skápa, borð, leikfangakassa og þess háttar)
- Gera sjónrænt dagsskipulag og hengja upp.
- 24. ágúst: Skólasetning
- Búa til segla fyrir nýja valtöflu
- Gera afmælisdagatal

September

- 1. september: Opnað fyrir skráningu í lengda viðveru
- Mánaðardagskrá og matseðill fyrir september og sent á foreldra.
- Fréttabréf sent á foreldra
- Íþróttahús tekið í notkun 1-2x í viku
- Hugmyndakassi og barnaráð Víðisels kynnt fyrir börnunum
- Fyrsti barnaráðsfundur haldinn.
- Taka eða fá myndir af starfsfólkinu.
- Klúbbar/smiðjur byrja – þemað haust



Reykjavík

Október

- Vinnum með félagslæsi
- Mánaðardagskrá og matseðill fyrir október sent á foreldra.
- Fréttabréf sent á foreldra
- Afmælishátíð barna sem fædd eru í júlí, ágúst, september og október.
- Klúbbar/smiðjur – þemað Hrekkjavaka, Hrekkjavökuföndur
- 21. október: bleikur dagur
- 22.-26. október: Vetrarleyfi (lokað í Víðiseli)
- 30. október: Hrekkjavaka Víðisels

Nóvember

- Vinnum með lista- og menningarlæsi
- Mánaðardagskrá og matseðill fyrir nóvember
- Fréttabréf sent til foreldra.
- Klúbbar/ smiðjur Jólaföndur í Víðiseli.
- Jólaskreytum Víðisel
- 6. nóvember: Dagur gegn einelti
- 16. nóvember: Dagur íslenskrar tungu
- Barnaráðsfundur
- 20. nóvember: Afmæli Barnasáttmálans
- 23. nóvember: Lengd viðvera vegna starfsdags
-

Desember

- Mánaðardagskrá og matseðill fyrir desember
- Fréttabréf sent til foreldra
- Hlé gert á barnaráðsfundum
- Klúbbar mánaðarins: Jóla-tengt.
- Jólapeysudagur í Víðiseli
- Jólaföndur
- Afmælishátíð fyrir börn fædd í nóvember og desember
- 18. desember: Skertur dagur
- 21.-23. og 28.-30. desember: Lengd viðvera vegna jólafrís

Janúar

- Vinnum með miðlalæsi
- Mánaðardagskrá og matseðill fyrir janúar
- Fréttabréf sent til foreldra
- Barnaráðsfundur
- Klúbbar/smiðjur byrja aftur eftir smá frí.

Febrúar

- Vinnum með samfélagslæsi
- Mánaðardagskrá og matseðill fyrir febrúar
- Fréttabréf sent til foreldra
- 4. febrúar: Lengd viðvera vegna foreldraviðtöl skólans



- 5. febrúar: Lengd viðvera vegna starfsdags
- Klúbbar mánaðarins
- Barnaráðsfundur
- 8. febrúar: Bolludagur
- 10. febrúar: Öskudagur
- 22.-23. febrúar: Vetrarleyfi (lokað í Víðiseli)

Mars

- Vinnum með vísindalæsi
- Mánaðardagskrá og matseðill fyrir mars
- Fréttabréf sent til foreldra
- Klúbbar mánaðarins – Páskatengt
- Barnaráðsfundur
- Afmælishátíð fyrir börn fædd í janúar, febrúar og mars
- 21. mars: Downsdagurinn
- 22.-24. mars: Lengd viðvera vegna páskafrís
- Undirbúningur fyrir Barnamenningarhátíð

Apríl

- Vinnum með náttúru- og umhverfislæsi
- Mánaðardagskrá og matseðill fyrir apríl
- Fréttabréf sent til foreldra
- Klúbbar mánaðarins – Barnamenningarhátíð – tengt
- 1. og 8. apríl: Leikskólaheimsóknir
- Barnaráðsfundur
- 19.-25. apríl: Barnamenningarhátíð
- 27. apríl: Menntastefnumót (lokað í Víðiseli)

Maí

- Vinnum með heilsulæsi
- Mánaðardagskrá og matseðill fyrir maí
- Fréttabréf sent til foreldra
- Barnaráðsfundur
- Byrjum síðustu klúbba skólaársins
- 7. maí: Lengd viðvera
- Afmælishátíð fyrir börn fædd í apríl, maí, júní og júlí.
- Útivistarvika

Júní

- Lögð áhersla á útiveru og ferðir um hverfið
- 9. júní: Sumarhátíð Víðisels
- 10. júní: Skólaslit, lokað í Víðiseli
- 11. júní: Lokað í Víðiseli vegna starfsdags
- 14. júní: Sumarfrístund hefst

Reykjavík

Júlí

- Sumarstarf
- Sumarlokun í 4 vikur

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST